

1874.

19. maí.

silfurverðið, sem í þeim er, og gegn því að fá endurgoldin smíðalaun fyrir nýjan kaleik og patínu handa Skálholtskirkju, en það verður alls 103 rd.; hafið þér nú jafnframt og þér getið þess, að kaleikurinn þurfi aðgjörðar við, er muni kosta 8 rd., stungið uppá, að fyrnefndir munir verði keyptir handa dómkirkjunni fyrir fê, af tekjum kirkjunnar á yfirstandanda ári.

Útaf þessu gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

20. maí.

34. Opið bréf um að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara. (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Að Vèr samkvæmt hinni 4. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, 5. janúar þ. á., höfum ákveðið, að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara á hausti komanda.

Fyrir því bjóðum Vèr hærmeð og skipum allramildilegast fyrir, að á nefndum tíma skuli haldnar almennar kosningar til alþingis samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 1. ákvörðun um stundarsakir í tæðri stjórnarskrá.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr þegnlega að hegða.

20. maí.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um: brúargjörð yfir Ölfusa og Þjórsá.

Eptir að verksmiður *Windfeldt-Hansen*, sem eptir tilhlutun stjórnarráðsins var sendur í fyrra¹⁾ til Íslands, til þess að rann-

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 620.